

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar og
Skútustaðahrepps
Kjarni
650 Laugar



Reykjavík, 7. febrúar 2014
Tilvísun: UST20130900209/ksj

Lýsing. Hverir austan Námafjalls, fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 24. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps og gerð deiliskipulags á svæði Hvera austan Námafjalls.

Skipulagssvæðið

Hverir er jarðhitasvæði austan Námafjalls í Skútustaðahreppi innan jarðarinnar Reykjahlíð. Vegna aukinnar umferðar ferðamanna um svæðið er áætlað að bæta þjónustu við þá og auka öryggi innan svæðisins. Í frumdrögum að deiliskipulagi svæðisins eru teknir frá 90 ha sem heildarsvæði, þar af verður þjónustusvæði brot af því og áætluð staðsetning er við þjóðveginn. Á áætluðu skipulagssvæði er hverfisvernd skv. gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps, og hverir og heitar uppsprettur á svæðinu njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Áhrifamat

Í drögum að áhrifamati ferðapjónustu við Hveri segir í töflu í greinargerð um áhrif á opið land og víðerni, að uppbyggingin verði í jaðar víðernis og áhrif því engin. Umhverfisstofnun er ósammála þeirri niðurstöðu og telur að byggingar muni hafa sjónræn áhrif og víðernisupplifun muni skerðast. Sérstaklega munu áhrifin verða neikvæð þegar horft verður af Námafjalli og austur. Mikilvægt er því að halda neikvæðum sjónrænum áhrifum í skefjum. Í drögum að áhrifamati kemur fram að á svæðinu sé hverfisvernd og að svæðið njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið fellur einnig undir lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004, en ofangreint svæði er á vatnasviði Mývatns og Laxár en í lögnum segir: „Fordast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns“. Í drögum að áhrifamati kemur fram að aðstaða fyrir ferðamenn muni stuðla að bættri umgengni, og að unnt verði að leysa fráveitumál með lágmarksáhrifum á umhverfið. Að mati Umhverfisstofnunar er

gífurlega mikilvægt að vel verði staðið að uppbyggingu fráveitu á svæðinu. Í deiliskipulagstillögu þarf að koma skýrt fram hvernig fráveitumál verða leyst. Í drögum að áhrifamati er einnig sagt að unnt verði að fjarlægja fyrirhuguð mannvirki og því séu framkvæmdir afturkræfar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það sé rökstutt í greinargerð deiliskipulagstillögu á hvaða hátt framkvæmdir eru afturkræfar.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir verði látlausar og falli vel að náttúruminum og landslagi á svæðinu, og bendir stofnunin á mikilvægi þess að komið verði í veg fyrir allt óþarfa rask meðan á framkvæmdum stendur.


Vistkerfi

Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að jarðhitagróður verði kannaður á framkvæmdarsvæðinu áður en hafist verður handa við framkvæmdir til að koma í veg fyrir að friðlýstar jarðhita plöntur séu á framkvæmdarsvæðinu. Einnig bendir stofnunin á að huga þarf að því að hverasvæði er síbreytilegt, þegar stígar á hverasvæðinu eru hannaðir. Einnig bendir stofnunin á að nú þegar gera á breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins að þá verði metið hvort ekki sé mikilvægt að taka það fram í greinargerð gildandi aðalskipulags að heimilt sé að eyða ágengum erlendum tegundum innan hverfisverndarsvæða vegna lúpínu, skógarkerfils og minks.

Vegna mistaka er umsögn Umhverfisstofnunar ekki send fyrir en nú og er beðist velvirðingar á því. Umhverfisstofnun tekur undir þá tilhögun að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingunni og tillögu að deiliskipulagi saman, því þá er hægt að skoða aðalskipulagsbreytingartillöguna og áætlaðar framkvæmdir í samhengi.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun

